



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### Efni tillögu: Samningur um framleiðslu máltíða

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að ganga til samninga við fyrirtækið Krydd og kaviar ehf. um kaup á um 1000 máltíðum á dag þ.e. um 400 skömmtum af hraðkældum pökkuðum mat til heimsendingar og um 600 heitum máltíðum til íbúa í þjónustuíbúðum og fyrir gesti félagsmiðstöðva velferðarsviðs.

### Greinargerð:

Framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi var lokað í skyndi þann 2. febrúar 2026 eftir að bakterían *Listeria monocytogenes* greindist í rófusalati sem borið hafði verið fram í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum velferðarsviðs þann 27. janúar 2026.

Fyrir liggur samþykkt borgarráðs frá 29. janúar 2026 á samþykkt velferðarráðs frá 21. janúar 2026 á tillögu um flutning framleiðslueldhúss velferðarsviðs innan Vitatorgs. Ákvörðunin var tekin með hliðsjón af niðurstöðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og þeim kröfum sem gerðar eru til matvælaöryggis þegar þjónusta er veitt viðkvæmum hópum. Jafnframt var samþykkt að fá þriðja aðila til þess að framleiða mat á meðan á framkvæmdum á Vitatorgi stendur. Nú er staðan breytt og þar sem ekki verður hægt að elda mat framar í núverandi eldhúsi á Vitatorgi þarf að bregðast skjótt við og flýta gerð samnings um framleiðslu máltíða. Síðan eldhúsinu var lokað hafa verið sendir tilbúnir réttir í heimahús og til íbúa í þjónustuíbúðum. Ekki hefur verið hægt að bjóða upp á heitan mat á félagsmiðstöðvum. Til þess að tryggja örugga og samfellda matarþjónustu sem allra fyrst, þarf því að ganga til samninga fyrr en áætlað var.

Fyrirtækið Krydd og kaviar ehf. sem er í eigu Múlakaffi ehf. er tilbúið að framleiða mat fyrir velferðarsvið (Markaðskönnun 16011). Um er að ræða tveggja rétta máltíðir, kjöt eða fiskur sem aðalréttur og grænmetisréttur sem aðalréttur. Annars vegar er maturinn hraðkældur og pakkaður til heimsendingar og hins vegar afhentur heitur, fyrir íbúa þjónustuíbúða og gesti félagsmiðstöðva. Um er að ræða um 400 heimsendar máltíðir og 600 heitar máltíðir á dag. Verðið sem velferðarsvið greiðir fyrir hvern matarskammt er kr. 2.250 eða kr. 797.328 á ársgrundvelli.

Gildistími samnings verður frá 1. mars 2026 til 29. febrúar 2028 nema samningsaðilar ákveði annað. Velferðarsvið mun sjá um akstur í heimahús og alla aðra þætti matarþjónustunnar á samningstímanum. Fyrirhugað er að undirbúningur og framkvæmdir vegna flutnings framleiðslueldhússins innan Vitatorg muni taka a.m.k. 18 mánuði þegar ferlið hefst.